



Langanesbyggð

# Reglur um innritun í grunnskóla Langanesbyggðar og skilgreining á skólahverfum

Foreldrar bera ábyrgð á að skrá börn sín í grunnskóla. Foreldrar eiga þess kost að sækja um skóla fyrir börn sín í hvern þann skóla sem þau kunna að óska eftir í sveitarfélaginu. Þó eiga nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi alltaf afdráttarlausan rétt á skólavist í sinn hverfisskóla og hafa því forgang ef skóli getur ekki brugðist við öllum umsóknum.

## SKÓLAHVERFI Í LANGANESBYGGÐ

- Grunnskóli Þórshafnar: Fyrrum Þórshafnarhreppur
- Grunnskólinn á Bakkafirði: Fyrrum Skeggjastaðahreppur

Umsóknir um skólavist utan lögheimilishverfis skulu hafa borist til skólustjóra þess skóla sem sótt er um skólavist í eigi síðar en 1. ágúst það ár sem skólavistin hefst að hausti. Þegar skólustjóri, í samráði við skólustjóra þess skóla sem nemandi stundar nám í, leggur mat á umsóknir um skólavist utan skólahverfis skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði, rými og aðstöðu skólans
- Nálægð heimilis við skóla
- Hvort systkini stunda nám við sama skóla
- Sérþarfir nemenda
- Aðrar persónulegar aðstæður eða sérstakar aðstæður nemenda og/eða fjölskyldu

Sé umsókn um skólavist utan skólahverfis hafnað skal tilkynna foreldrum það skriflega og skýra ástæður ákvörðunarinnar. Foreldrar geta skotið slíkri afgreiðslu til fræðslunefndar.

Nemendur sem hlotið hafa skólavist utan lögheimilisskólahverfis hafa sama rétt til þjónustu skólans og nemendur úr skólahverfi skólans. Þó tryggir sveitarfélagið að svo komnu máli ekki skilyrðislaust skólaakstur fyrir nemendur sem eiga ekki lögheimili í því skólahverfi sem þeir sækja skóla í.

Samþykkt í fræðslunefnd þann 24. janúar 2012

Samþykkt í sveitarstjórn þann 26. janúar 2012